

**154. löggjafarþing 2023–2024.  
Þingskjal 469 — 201. mál.**

## Svar

### **dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um símahlustanir.**

- 1. Hversu margar símahlustanir eða önnur sambærileg úrræði, sbr. XI. kafla laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, hafa verið samþykkt með dómsúrskurði frá árinu 1944 til dagsins í dag, sundurliðað eftir árum og tegund mögulegs brots á hegningarlögum sem verið var að rannsaka?*

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, fer embætti ríkissaksóknara með ákveðið eftirlit með beitingu símahlustana og annarra sambærilegra úrræða á grundvelli laganna, sbr. 3. mgr. 85. gr. laganna. Þá er mælt fyrir um að embættið skuli árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr. laga um meðferð sakamála. Í samræmi við þetta hefur ríkissaksóknari gefið út skýrslu árlega er þetta varðar sem nálgast má á vef embættisins. Þær upplýsingar sem óskað er eftir í fyrirspurninni fyrir árin 2017–2021 má nálgast þar. Lögreglustjóraembættin eru með aðgengileg tölfraðigögn er varðar fyrirspurnina frá árinu 2013.

Við yfirferð meðfylgjandi tölfraðigagna er rétt að hafa í huga að í mörgum tilvikum þegar sakamál er til rannsóknar og óskað er eftir heimild til símahlustunar þá eru til rannsóknar nokkur ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Í hverjum dómsúrskurði um símahlerun getur þannig verið fleiri en ein aðgerð og jafnframt getur verið vísað til fleiri en eins lagaákvæðis. Í töflu 2 hér að aftan er því talinn fjöldi mála miðað við lagaákvæði en ekki er um að ræða sama fjölda og þegar fjöldi mála er eintalinn.

*Tafla 1.*

	2013	2014	2015	2016	2022	2023*
Fjöldi úrskurða	218	204	168	189	268	196
Fjöldi úrskurða sem voru nýttir	175	157	148	168	222	174
Fjöldi mála	62	66	51	62	87	76

\*Tölfraði fyrir árið 2023 miðast við 10. október 2023.

*Tafla 2.*

	2013	2014	2015	2016	2022
Auðgunarbrot	6	3	5	7	3
Stórfellt brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni	18	14	17	10	34
Kynferðisbrot	8	3	0	5	0
Líkamsárás, stórfelld	1	3	6	1	1
Peningaþvætti	0	0	0	3	6
Fíkniefnalagabrot (sérrefsilög)	21	26	13	19	12

2. Hversu margar símahlustanir eða önnur sambærileg úrræði hafa verið framkvæmd án dómsúrskurðar, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um meðferð sakamála, frá árinu 1944 til dagsins í dag, sundurliðað eftir árum og tegund mögulegs brots á hegningarlögum sem verið var að rannsaka?

Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. laga um meðferð sakamála þarf úrskurð dómara til þess að lög-regla geti gripið til þeirra aðgerða sem taldar eru upp í 80.–82. gr. laganna. Þó ber að veita upplýsingar skv. 80. gr. laga um meðferð sakamála án dómsúrskurðar ef fyrir liggur ótvírætt samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatækis. Lögreglustjóraembættin eru með aðgengileg tölfraðigögn er varða fyrirspurnina frá árinu 2013. Meðfylgjandi eru upplýsingar um fjölda mála hjá lögreglu þar sem símlustunum eða öðrum sambærilegum úrræðum var beitt með heimild umráðamanns eða eiginlegs notanda síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatækis.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi mála	66	83	117	120	99	122	111	116	106	98
Líkamsáras, 217. gr. alm. hgl.	4	2	2	3	1	3	3	7	2	1
Líkamsáras, 1. mgr. 218. gr. alm. hgl.	2	0	5	1	0	1	1	1	2	1
Líkamsáras, 2. mgr. 218. gr. alm. hgl.	4	4	6	1	4	2	2	4	1	3
Manndrap	1	3	1	0	2	4	1	0	5	2
Hótanir	4	12	9	8	3	7	2	6	2	1
Fíkniefni, stórfellt brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni	2	4	5		11	12	11	13	12	26
Kynferðisbrot	19	17	30	13	23	16	23	16	15	11